

Ed. 325. Frumvarp til laga

um Kvikmyndastofnun ríkisins.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Á vegum ríkisins skal reka stofnun, er ein hefur með höndum innflutning kvikmynda og rekstur kvikmyndahúsa.

Stofnunin heitir Kvikmyndastofnun ríkisins.

2. gr.

Kvikmyndastofnun ríkisins, skal rekin sem sjálfstætt fjárhagsfyrirtæki á ábyrgð ríkisins, en að því stefnt, að hún standi undir sér sjálf án útgjalda fyrir ríkissjóð. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán vegna stofnkostnaðar fyrirtækisins. Rekstrarhagnaði Kvikmyndastofnunar ríkisins skal varið til eflingar menningarstarfsemi þeirri, sem henni er gert að hafa með höndum samkvæmt ákvæðum 4. gr. þessara laga.

3. gr.

Kvikmyndastofnun ríkisins er undanþegin hvers konar sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

4. gr.

Kvikmyndastofnun ríkisins skal keppa að því að gera kvikmyndir að sem almennustu og þjóðlegustu menningartæki, hliðstæðu útvarpi og skólum. Í þessu skyni skal Kvikmyndastofnunin m. a.:

1. reka kvikmyndahús sem viðast um landið, en halda uppi ferðasýningum kvikmynda, þar sem ekki eru skilyrði fyrir rekstri fastra kvikmyndahúsa;
2. sjá skólum landsins fyrir fræðslukvikmyndum og aðstoða þá við sýningar slíkra kvikmynda;
3. vanda sem bezt val þeirra erlendra kvikmynda, sem fluttar eru inn í landið til sýningar, með tilliti til þess að bægja burtu siðspillandi, óþjóðhollum og menningarsnauðum kvikmyndum;
4. gera íslenska texta við erlendar kvikmyndir, eftir því sem föng verða á;
5. efla innlenda kvikmyndagerð og gera íslenskar kvikmyndir.

Af rekstrarhagnaði Kvikmyndastofnunar ríkisins er heimilt að styrkja leiklist, hljómlist og aðrar skyldar listgreinir.

5. gr.

Sameinað alþingi kýs fimm manna kvikmyndaráð að nýafstöðnum almennum alþingiskosningum.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Kvikmyndastofnunar ríkisins, kvikmyndastjóra ríkisins, að fengnum tillögum kvikmyndaráðs. Menntamálaráðherra skipar aðra starfsmenn að fengnum tillögum kvikmyndastjóra.

Menntamálaráðherra ákveður laun kvikmyndaráðsmanna og starfsmanna, að svo miklu leyti sem þau verða ekki ákveðin í launalögum.

6. gr.

Kvikmyndaráð hefur yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi Kvikmyndastofnunar ríkisins og ræður vali kvikmynda, svo og gerð þeirra kvikmynda, sem stofnunin sjálf lætur gera, hvort tveggja í samráði við kvikmyndastjóra. Þess skal stranglega gætt um alla starfsemi kvikmyndastofnunarinnar, að fyllsta hlutleysi ríki enda verði starfseminni ekki beitt til einhliða áróðurs fyrir ákveðnar stefnur eða flokka.

7. gr.

Kvikmyndastjóri hefur yfirstjórn fjárhagsmála Kvikmyndastofnunar ríkisins og annast framkvæmdastjórn hennar. Hann semur í tæka tíð ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur stofnunarinnar, og skal áætlunin send menntamálaráðuneytinu til staðfestingar.

8. gr.

Frá þeim tíma, er Kvikmyndastofnun ríkisins hefur starfsemi sína, er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, hvar sem er á landinu, óheimilt að reka kvikmyndahús.

Menntamálaráðherra er heimilt að láta taka eignarnámi handa Kvikmyndastofnun ríkisins kvikmyndahús þau, sem rekin eru, þegar lög þessi taka gildi. Koma þar einungis til greina við eignarnámið húseignirnar sjálfar ásamt vélum, innanstokksmunum og öðrum tækjum, og skal miða matið við það eitt. Að öðru leyti fer um framkvæmd eignarnámsins eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

Kvikmyndastjóra ríkisins er heimilt að semja um rekstur einstakra kvikmyndahúsa, sem nú eru í opinberum eða hálfopinberum reksti, þannig að sú skipun haldist áfram um ákveðinn tíma gegn gjaldi til stofnunarinnar, er um semst, en menntamálaráðherra staðfestir slíka samninga.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal Kvikmyndastofnun ríkisins hefja starfsemi sína eigi síðar en 1. jan. 1948.

Greinargerð.

Það er óhætt að fullyrða, að með frumvarpi þessu er hreyft merkilegu máli. Hingað til hefur innflutningi kvikmynda og sýningu þeirra hér á landi verið hagað

þannig, að þetta stórmerkilega menningartæki yrði fyrst og fremst eins konar gróttakvörn fyrir örfáa einstaklinga. Þetta hefur vafalaust vel tekizt, þegar litið er á málið frá þeirri hlið, að það eitt eigi að vera hlutverk kvikmyndanna að mala 5—10 Íslendingum auð og allsnægtir.

Á þeim röskum 40 árum, sem liðin eru síðan farið var að hafa hér fastar kvikmyndasýningar, hafa það þó ekki einvörðungu verið Íslendingar, sem setið hafa að því að gera sér kvikmyndareksturinn að féþúfu. Allt fram að seinasta stríði var stærsta og elzta kvikmyndahús landsins í eigu og rekstri erlends manns. Nú er hann fluttur úr landi til kóngsins Kaupmannahafnar. Og þar er nú notið gróðans af 35 ára bíórekstri í Reykjavík. — Svona á þetta áreiðanlega ekki að vera; um það mundu sennilega flestir geta orðið sammála. Nokkru skárri er það óneitanlega, að slíkur gróði lendi í vösum Íslendinga, en þó er engin víska fyrir því, að þeir gætu ekki líka tekið sig upp einn góðan veðurdag, eftir að hafa setið að gróðahlut í heilan mannsaldur, og hreiðrað síðan um sig erlendis, jafnvel vestur í Ameríku, eins og nú er mikil tizka þeirra, sem mest hafa grætt á seinustu árum.

Fjöldamargir hafa því þegar sannfærzt um, að kvikmyndarekstur eigi alls ekki að vera í einkarekstri. Hann eigi að vera á hendi hins opinbera, og hafa menn þá einkum hallazt að bæjarrekstri kvikmyndahúsa. Með því móti sáu menn, að gróðinn af kvikmyndarekstrinum gat runnið í sameiginlegan sjóð borgaranna, og þar var hægt að verja honum í þágu almennra menningarmála eða líknarstarfsemi — eða þá til nýtsamra og aðkallandi framkvæmda, allt eftir geðþóttu og vild bæjaryfirvalda á hverjum stað.

Í þessu frumvarpi er líka ráð fyrir því gert, að þau kvikmyndahús, sem þegar eru í opinberum eða hálfopinberum rekstri, geti verið það áfram, þar til allur einstaklingsrekstur á þessu sviði sé horfinn og kominn undir það skipulag, sem hér er í fyrsta sinn mótað í frumvarpsformi.

Það er furðulegt, en þó ómótmælanleg staðreynd, að hingað til virðist af mörgum hafa verið litið á kvikmyndir líkt og áfengi eða tóbak: þ. e. sem hverja aðra þjóðfélagsógæfu, er þó verði að þola, af því að fólkið vilji þetta. Það er miklu tíðara að heyra menn ræða af fjálgleik um siðspillandi áhrif kvikmynda en að heyra rætt um menningarlegt gildi þeirra. Og eins og sá hugsunarháttur er nú næsta útbreiddur, að sjálfsagt sé að maka krók ríkissjóðs sem allra bezt á áfengisgróða, er það almenn skoðun, að af kvikmyndasýningum eigi að taka a. m. k. 20% skatt í ríkissjóð, annað eins í bæjarsjóð og bæta síðan 200% álagi á hvorttveggja. Þetta geri þá ekki annað en draga e. t. v. svoltið úr bíóástriðu unga fólksins, segja menn. Og verður ekki annað skilið en að það sé hliðstætt því, ef hátt verð á brennivíni aftri einhverri sínkri sál frá svartadauðakaupum.

En eru kvikmyndirnar þá virkilega hliðstæða við eiturlyf eins og brennivín og tóbak?

Það er að visu rétt, að af því að bæði kvikmyndagerð og kvikmyndarekstur hafa fallið í ræningja hendur og orðið að einhverju mesta auðsöfnunartæki, sem heimurinn þekkir, þá er reynslan sú, að oft er þessi dásamlega uppfinning, sem helzt mætti þó líkja við sjálfa prentlistina og útvarpið, notað í menningarfjandsamlegum tilgangi. Fer því þó fjarri, að þetta þurfi svo að vera.

Gróðasjónarmiðið eitt hefur fram að þessu ráðið því, hvaða kvikmyndir væru fluttar hingað til lands og sýndar almenningi í kvikmyndahúsunum. Þær hafa því oft verið valdar með það fyrir augum að þær höfðu til lægstu hvata fólks og væru umfram allt æsandi og tryllandi, eins og áfengt vín.

En þetta þarf ekki heldur svo að vera. Mikið er til af fögrum, göfgandi og fræðandi kvikmyndum í veröldinni. Spurningin er því aðeins sú, hvernig hægt sé að tryggja það, að þær verði fyrir valinu til sýningar í íslenskum kvikmyndahúsum, en ekki hinar, sem oft eru allt í senn, óþjóðhollar, siðspillandi og menningar-snauðar.

Flutningsmaður þessa frumvarps hugsar sér, að til þess sé sú leið fær, að ríkið reki stofnun, er beint heyri undir menntamálastjórnina, eins og skólar og útvarp. Og sé það hlutverk stofnunarinnar að hafa með höndum hvort tveggja: allan innflutning kvikmynda og rekstur kvikmyndahúsa. Slikri stofnun ætti að vera til þess trúandi að velja kvikmyndir fyrst og fremst með tilliti til listræns og menningarlegs gildis yfirleitt, en ekki út frá einsýnu gróðasjónarmiði. Slikri stofnun ætti að vera til þess trúandi að beita þessu einstaka menningartæki í þjónustu allrar þjóðarinnar, en einskorða ekki reksturinn aðeins við fjölmennustu kaupstaði landsins, þar sem bezt eru skilyrði fyrir auðfengnum ágóða af slikri starfsemi. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir ferðasýningum kvikmynda, þar sem vegna strjálbýlis eða samgangnaerfiðleika væri ekki unnt að halda upp rekstri fastra kvikmyndahúsa (samanber farskóla sveitanna).

Það er eitt grundvallaratriði þeirrar hugmyndar, sem hér er fram borin, að rekstrarhagnaði þeim, sem skapist við kvikmyndarekstur ríkisins, skuli einungis varið til eflingar menningarstarfsemi þeirri, sem stofnuninni er ætlað að hafa með höndum. Að því skuli t. d. stefnt að gera kvikmyndir að sem almennustu og þjóðlegustu menningartæki. Við merkar erlendar kvikmyndir á þannig auðvitað að gera íslenska texta, áður en þær fara í hringferð sína um allar byggðir Íslands. Getur það naumast verið þeim sársaukalaust, sem meta íslenskt þjóðerni og tungu ofar öllum öðrum andlegum verðmætum, að sjá hér ekkert orð á móðurmálinu í fylgd með kvikmyndum þeim, sem æskulýður landsins tileinkar sér með opnum hug af úfergju og hrifni á degi hverjum ár eftir ár og áratug eftir áratug. Yrðum vér ekki argir ofan í tær, æstir í skapi og fullir réttlátri reiði, ef hér væri predikað í kirkjunum á ensku eða öðrum erlendum tungum? Og mundum vér ekki óttast, að það hefði spillandi áhrif á tungu vora og þjóðerniskennd? Jú, vissulega mundum vér óttast það og sjálfsagt ekki að ástæðulausu. Og þó væri sú hætta margfalt minni en sú hætta, sem nú stafar af erlendum textum kvikmyndanna. Kirkjurnar eru ekki fylltar mörgum sinnum á dag alla daga vikunnar, eins og kvikmyndahúsin, og auk þess eru biðgestirnir að langmestu leyti fólk í mótun, áhrifagjarnt og lausara í rás en kirkjugestirnir eru yfirleitt. Áhrifavald kvikmyndanna væri e. t. v. áþekktast því, ef kennslan í skólunum færi fram á erlendu máli. Má því nærri geta, hvort við slíkt yrði unað. — Nei, það er vaninn einn, sem sættir okkur við, að allar kvikmyndir skuli vera sýndar hér með erlendum textum. En óviðunandi er það, og það vitum við, að á því verður ekki breyting, meðan á það eitt er litið að græða sem allra mest á sýningu kvikmynda. Meðan svo er, verður ávallt reynt að komast hjá þeim útgjaldaliðum, sem ekki eru annað hvort óhjákvæmilegir eða beinlínis líklegir til að skila auknum gróða.

Þá er eitt þeirra verkefna, sem kvikmyndastofnun ríkisins er ætlað, það, að efla innlenda kvikmyndagerð og láta sjálf gera íslenskar kvikmyndir. Þar mætti sérstaklega hugsa sér gerð fréttakvikmynda af merkis atburðum líðandi stundar, almennar fræðslukvikmyndir, bæði fyrir skólana og til alþýðufræðslu, kvikmyndir úr sögu þjóðarinnar, myndir úr atvinnulífinu, menningarlífinu o. s. frv. Einnig ætti kvikmyndastofnunin að hafa forgöngu um kvikmyndun öndvegisskáldverka íslenskra bókmennta, svo að ekki þurfi í framtíðinni að velja slikri starfsemi svið norður á Lapplandi, eins og gert hefur verði stundum, þegar íslensk skáldverk hafa verið valin til kvikmyndagerðar.

Hér er sem sé um það að ræða að verja nokkru af fé kvikmyndastofnunarinnar til þess að gera kvikmyndirnar sjálfar íslenskari, auk þess sem ætlunin er að kippa þeim úr þjónustu auðsöfnunar og ómenningar í þjónustu menningarstarfs. Á það er bent í frumvarpinu, að af rekstrarhagnaði sínum sé kvikmyndastofnuninni heimilt, utan við starf sitt beinlínis, að styrkja íslenska leiklist, hljómlist og aðrar skyldar listgreinar. Gæti t. d. kvikmyndahúsrekstur í þjóðleikhúsinu létt þar verulega undir.

Yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi Kvikmyndastofnunar ríkisins er

hugsuð í höndum fimm manna kvikmyndaráðs, kosins af sameinuðu Alþingi að afloknum almennum alþingiskosningum. Er þetta svipað fyrirkomulag og um stjórn útvarpsins, enda væri hér um svipaða menningarstarfsemi að ræða.

Hins vegar væri fjármálastjórnin í höndum kvikmyndastjóra, sem skipulegði kvikmyndahúsareksturinn út um allt land og sæi um útsendingu allra kvikmynda frá einni miðstöð hér í Reykjavík.

Auðvitað á svo stofnunin öll að heyra undir menntamálaráðherra, eins og útvarp og skólar.

Það er auðskilið mál, að til þess að koma rekstri Kvikmyndastofnunar ríkisins af stað þyrfti mikið fé, og færi það þó eftir því, hversu byrjunarstarfinu væri hagað. Þess vegna er ráð fyrir því gert, að ríkisstjórninni sé í upphafi heimilt að ábyrgjast lán vegna stofnkostnaðarins. Kvikmyndahús, sem fyrir eru, verður að taka eignarnámi og greiða þau út við hæfilegu verði, eða þá að byggja ný hús og reyndar hvort tveggja þetta um margra ára skeið, meðan byggt væri upp samfellt kvikmyndahúsakerfi um land allt. Þessi uppbygging kostar að sjálfsögðu marga milljónatugi. En auðvitað verður að ætla rekstrinum það að leggja árlega fram fé til þessa hlutverks, jafnframt því sem rækt er hið menningarlega hlutverk stofnunarinnar.

Nýmæli þau, sem í þessu frumvarpi felast eru einkum þessi:

1. Yfirstjórn menntamálanna fær yferráð yfir öllum innflutningi kvikmynda og ber ábyrgð á og ákveður menningargildi þeirra.
2. Öllu því fjármagni, sem gengur gegnum kvikmyndahús landsins, skal varið til almennrar menningarstarfsemi í þjónustu allra landsmanna.
3. Stefnt sé að því að gera kvikmyndir, sem sýndar eru hér á landi, þjóðlegri bæði með gerð íslenzkra texta við erlendar kvikmyndir og með upptöku og gerð alíslenzkra kvikmynda.
4. Samstarf sé milli kvikmyndarekstrarins og skólahaldsins í landinu.
5. Byggt sé upp samfellt kvikmyndahúsakerfi um land allt og þar með bætt samkomuhúsaþörf fámennari kaптúna og byggðarlaga.
6. Kvikmyndarekstrinum er lögð sú skylda á herðar að styrkja skyldar listgreinar, svo sem leiklist og hljómlist.